

Fornleifakönnun vegna framkvæmda í Heydal í Mjóafirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

September 2010
NV nr. 15-10

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI	5
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	6
3.1 HEYDALUR 141571-198.....	6
4. NIÐURSTAÐA.....	19
5. ÞAKKIR.....	19
6. KORT.....	19
7. HEIMILDASKRÁ	22

1. Inngangur

Að beiðni eiganda Ferðaþjónustunnar í Heydal í Mjóafirði gerði fornleifafræðingur frá fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir hótelið Heydal í Súðavíkurbreppi í N-Ísafjarðarsýslu. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Súðavíkurbrepps. Mörk deiliskipulagssvæðisins er bæjarstæðið ásamt veitingasvæðinu, hótelinu og gróðurhúsinu/sundlauginni og svo tjaldsvæðinu. Það afmarkast í vestur af gamla grjótagarðinum, í norður af heimreiðinni, í austur af skurðum og mörkum tjaldsvæðis og í suður af Heydalsá. Landsvæði það sem fellur undir skipulag þetta er allt gömul tún og byggð svæði. Stærð svæðisins er um 9 hektarar.

Vinna við skipulag á svæðinu hófst árið 2003 þegar gerð var tillaga að fyrirkomulagi á breytingu fjóss og hlöðu í hótél og veitingasal. Hótelið í Heydal var byggt á árunum 2003-2005 af eigendum og hefur verið rekið síðan af þeim. Eigendur hótelsins hyggjast halda rekstrinum áfram auk þess að sinna almennri ferðaþjónustu, ferðasölu og sérferðum.

Áformað er að stækka veitingasal og hefur grunnur fyrir hann þegar verið grafinn. Einnig er áformað að setja niður sex aðflutt sumarhús og eru tvö þeirra þegar komin á svæðið. Svo kölluð norðurljósahús verða byggð og eru þau smá og fjögur að tölu. Auk þess eru fyrirhugaðar framkvæmdir við tjaldsvæði sem ekki munu leiða til jarðrasks.

Vettvangsvinna var unnin 18. og 19. ágúst 2010 af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur sem jafnframt sá um skýrsluskrif. Hafdís Sturlaugsdóttir sá um Kortavinnu.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun

Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits og fjórir utan þess svæðis voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Rústir næst deiliskipulagssvæðinu voru jafnframt mældar.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (**Heydalur 141571**) og hins vegar úr Jarðatali Johnsens frá 1847 (**Heydalur 141571-198**). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (**Heydalur 141571-198-001**). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer hennar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

3.1 Heydalur 141571-198

Saga

Heydalur gengur til suðvesturs inn af Mjóafirði í Súðavíkurbhrepp. Hans er getið í Sturlungu (Sturl.II.bls114), en kemur fyrst fram í fornbréfum árið 1458 (Dipl. isl. V:163). Heydalur er 24 hundruð að fornu mati (Á.M:209). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur fimm eyðibýla í Heydal; Bakkakots, Kirkjubóls, Laugabærs, Galtarhryggs og Brennistaða. Eitt þeirra, Galtarhryggur, hefir verið byggt upp á 19. öld. Ekkert af þessum eyðibýlum jarðabókarinnar finnst nefnt í eldri heimildum. Búast hefði mátt við því að þau væru nefnd í eldri heimildum, ef þau hefðu verið byggð eftir miðja 15. öld, því flestar jarðir á þessum slóðum voru eign Vatnsfirðinga og um eignir þeirra eru enn til mörg bréf, fram á síðari hluta 15. aldar. Virðist ólíklegt, að sex býli hafi nokkurn tíma samtímis verið byggð í dalnum. Eitt af þessum eyðibýlum nefnir jarðabókin Kirkjuból, og getur þess að munnmæli séu um að þar hafi verið kirkja (Árbók ísl. forn 1937:37).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir ennfremur um jörðina Heydal í Mjóafirði „Skógur til raftviðar bjarglegur, eyðist mjög, en til kolagjörðar og eldiviðar nægur, og brúkar ábúanda til búnauðsýna.Torfrista og stunga lök. Silungsveiði í Heydalsá hefur gangvæn verið, enn nú mjög lítil í markt ár. Grastekja í betra lagi sem að ýmsir brúka úr nálægum sveitum í ópakklæti og leyfisleysi. Berjalestur er nægur fyrir heimili. Túninu grand til stórskaða og eyðileggíngar Heydalsgil með grjóts og sands áburði, og er fyrir því að fornu mikill partur túnsins eyðilagður, en nú spillist það sem eftir er sands áburði“ (ÁM:209-210). Í Jarðabókinni stendur einnig „Tóftarústir eru einar fyrir innan Heydalsgil, sem ekkert víst nafn hafa, enn munnmæli segja að Heydals bær hafi að fornu staðið og hafi þaðan fyrir Heydalsgilságangi fluttur verið á þær fornu tóftarústir, sem áður umgetur að bærinn í Heydal hafi áður staðið áður enn hann var fluttur. Þetta pláts er nú alt eyðilaggt og í skriðu í tóftarústir og má því ekki aftur byggja“ (ÁM:210).

Í grein eftir Guðbjörgu Ásgeirsdóttur sem birtist í Tímanum árið 1963 segir „Þarna hefur líka verið þéttbýlt almannfólki. Fyrir og eftir aldamótin síðustu var þrúbýli í Heydal og oft húsfolk á Galtarhrygg hjá aðalbúendum þar. Einu sinni endur fyrir löngu, hefðu verið tólf bæir í

Heydalnum og þar að auki eitt prestsetur, er Kirkjuból nefndist. Það stóð á eyri við ána, milli Heydals og Galtarhryggjar. Þarna sést móta fyrir grafreit og leiðum utan til við tóftirnar“ (GÁ.1963:110). Saga búsetu í Heydal er því löng og dalurinn verið þétt byggður forðum.

Heydalur 141571-198-001

Hlutverk Býli/bústaður

Tegund Bæjarhóll

Staðsetning N:332058 E:598949

Staðhættir

Við enda Mjóafjarðar er Heydalur og í honum samnefnd jörð. Núverandi bæjarhús og ferðapjónusta sem byggð hefur verið upp í útihúsum og hlöðu, frá árinu 1962, standa á bæjarhólnum þar sem síðast hefur verið búið. Bæjarhúsin eru talin hafa verið nær Heydalsgili en þau hafa verið flutt. Í

Örnefnaskrá eru heimildir um nokkra bæi sem eiga að hafa verið staðsettir nærri núverandi bæ. Síðasti torfbærinn stóð suður af núverandi útihúsum þar sem ferðapjónusta er í dag.

Minjalýsing

Bæjarhóllinn er 100x100 metrar á stærð og á honum standa steinsteypt hús sem eru í notkun í dag. Túngarður [005] er sjáanlegur á stórum hluta svæðisins bæði gróinn og ógróinn. Vorið 2010 hófust framkvæmdir við stækkun ferðapjónustunnar og var grafinn grunnur suður af fjósinu. Í vestur hlið þess grunns má sjá leyfar af vegg, hlöðnum út torfi og grjóti, sem hefur raskast við þessar framkvæmdir. Veggurinn er rétt undir yfirborði og undir honum er skriða sem hann hefur verið byggður á. Líklegt er að þarna séu leifar af vegg eða húsi sem tilheyrir hefur síðasta bænum sem jafnaður var út, um miðja síðustu öld, að sögn núverandi ábúanda. Sléttað hefur verið yfir flest allar minjar á bæjarhólnum þegar núverandi hús voru byggð. Ein rúst [006] er þó sjáanleg rétt fyrir ofan íbúðarhúsið. Líklegt er að töluvert að minjum sé í jörðu í bæjarhólnum.

Við stækkun veitingasals, sem staðsettur er í gamla fjósinu, var vorið 2010 grafinn grunnur. Í austur hlið grunnsins má sjá leifar af torfvegg og í uppmokstri frá grunninum má sjá torfleifar úr byggingu. Ljóst er að minjar hafa orðið fyrir skemmdum við gerð þessa grunns. Ábúandi telur að þarna hafi einhver hluti að yngsta torfbænum orðið fyrir skemmdum en hann hefur verið notaður fram á 20.öld. Miðað við hversu grunnt veggurinn er undir yfirborðinu er mjög líklegt að svo sé. Ekki eru merki um eldri minjar undir veggnum en hann er byggður a grófri grjótskriðu.



Mynd 1. Bæjarstæði Heydals og Bæjargil. Líklegt er að byggð hafi verið nærri gilinu forðum en færst síðar til austurs. Tekið í norður.



Mynd 2. Leifar af vegg sem raskað var við framkvæmdir. Grunnur var tekinn suður af veitingasal hótelsins og veggurinn kemur fram í austur sniði grunnsins.

Heydalur 141571-198-002

Hlutverk Býli/bústaður

Tegund Heimild

Staðsetning N:331971 E:598811

Staðhættir Í örnefnalýsingu Heydals segir „niður af túninu innan garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu heitir Laugarhúsdý, Tröð og Traðagarður. Þar gæti verið býli endur fyrir löngu þó að enginn kunni nú frá því að segja, því að tóttir eru þar fornar og vallgrónar“ (Ö-Heydals:3).



Mynd 3. Rúst á túninu suð-suð vestur af bæjarhúsum. Tekið í norðnorð austur.

Minjalýsing

Á svæðinu sem lýst er má sjá rústir af a.m.k einu húsi auk umrædds Traðargarðs. Rústin er opin í suður og hefur tvö greinileg hólf. Stærð hennar er 10 x 9 metrar að utanmáli og innanmál stærra hólfis er 5x1 metrar.

Heydalur 141571-198-003

Hlutverk Býli/bústaður

Tegund Bæjarhóll


Staðsetning N:332022 E:598775

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir „Fremst í túninu er volg uppspretta sem nefnist Laug og rennur frá henni Laugarlækur. Þar nálægt er mælt að þriðja býlið hafi verið, sem sagt er að hafi heitið Laugarbær. Enginn veit nú með vissu hvar það hefur staðið þó nafnið lifi, en tvær tóftir fornlegar eru þar í



Mynd 4. Rúst suður af bænum. Tekið í Norður.



Teikning 1. Teikning af rúst 003.

Heydalur 141571-198-004

Sérheiti Traðargarður

Hlutverk Garðlag

Tegund Garður

Staðsetning N:331962 E:598813

nánd“ (Ö-Heydalur:3). Um 150 metra suður af íbúðarhúsinu í Heydal og rétt vestur af hesthúsinu er rúst.

Minjalýsing

Rústin hefur þrjú hólf og er 9 metrar á breidd og 15 metrar á lengd. Innanmál hennar er 6 metrar á breidd og 10 metrar á lengd. Breidd veggja er allt að 1-3 metrar. Rústin er undir miklum ágangi hrossa sem beitt er á túnið.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir „Niður af túninu innar garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu er Laugarhúsdý, Tröð og **Traðargarður**.“ Garðurinn er um 30 metra austur af gamla túngarðinum í Heydal [005].

Minjalýsing

Greinilegt er að um er að ræða eldri garð en túngarðinn [005]. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti og er 17 metrar á lengd og 2 metrar á breidd. Hann liggur í norðnorð vestur og er um 20 cm á hæð.



Mynd 5. Garðlag innan túngarðs sem sést í fjarska. Hugsanlega eldra en túngarðurinn.

Heydalur 141571-198-005

Hlutverk Garðlag

Tegund Túngarður

Staðsetning N:331924 E:598846

Staðhættir

Í kring um mest allt gamla heimatúnið í Heydal má sjá túngarð. Garðurinn er greinilega mjög forn að upplagi og hefur verið notaður í langan tíma. Garðurinn er hæstur á annan metra og er hlaðinn út grjóti sem komið hefur út Heydalsgili.



Mynd 6. Túngarðurinn í Heydal er á stórum hluta vel varðveittur. Tekið í suður.

Minjalýsing

Garðurinn er í mjög góðu standi á mörgum stöðum og um 1 ½ metri á hæð þar sem hann er hæstur. Vestur og norður af bænum er garðurinn mjög greinilegur og ógróinn en austur af bænum er garðurinn verr farinn og sokkinn í sinu. Rof eru í garðinum þar sem skriður úr Heydalsgili hafa farið yfir hann. Líklegt er að garðinum hafi verið haldið við vestan megin bæjar til að draga út skriðum inn á tún og bæjarhús. Garðurinn hefur greinilega haft tvíþætt hlutverk sem varnargarður og túngarður.



Mynd 7. Rúst norður af bæjarhól rétt við túngarð. Rústin er notuð af börnum sem gert hafa bú í henni. Tekið í austur.

Heydalur 141571-198-006

Hlutverk Rúst

Tegund Óþekkt/útihús


Staðsetning N:331963 E:598981

Staðhættir

Rétt ofan við núverandi íbúðarhús í Heydal fast við túngarðinn er rúst.

Minjalýsing

Rústin er mjög heilleg og eru veggir hæstir um 130 cm á hæð. Rústin er að utanmáli 7x5 metrar. Annað hólfi er við hliðina sem hefur aðhald við hlið hússins og túngarður notaður sem einn veggur. Rústin er opin til suðurs. Börn hafa greinilega gert sé bú í rústinni og þar má sjá gömul heimilistæki ásamt gömlum búsaðhöldum.



Teikning 2. Teikning af rúst 006.

Heydalur 141571-198-007

Hlutverk Rústabunga

Tegund Mannvistarleifar

Staðsetning N:331956 E:598908

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir „Uppi á túninu heita Hólar þar sem íbúðarhúsið stendur nú“. Rétt suður af íbúðarhúsinu er tún sem greinilegt er að skriður hafa fallið á. Á túninu má samt enn sjá bungur og leifar húsa. Svæðið þar sem nokkuð greinilegt er að rústir eru í skriðunni var afmarkað og innmælt.

Minjalýsing

Skriðan er mjög greinileg á túninu og bendir margt til að hún hafi farið yfir byggingar. Það gæti skýrt nafnið Hólar. Svæðið, þar sem greinileg merki um mannvist eru, var mælt. Það reyndist 163 metrar í ummál og þar má sjá eina rúst mjög útflatta [008].



Mynd 8. Bungur á túninu á svokölluðum Hólum þar sem líklegt er að skriða hafi farið yfir hús. Tekið í suðaustur.

Heydalur 141571-198-008

Hlutverk Rúst

Tegund Óþekkt

Staðsetning N:331973 E:598902

Staðhættir

Á miðju túninu, suður af núverandi íbúðarhúsi, er svæði sem kallað er í Örnefnaskrá Hólar. Þarna er greinilegt að skriða hefur farið inn á tún og líklega yfir einhver hús. Þó er hægt að greina eina rúst sem hugsanlega er yngri en skriðan.



Mynd 9. Rústin er ekki mjög greinileg á myndinni en stúlkan og hesturinn standa við hlið hennar. Tekið í norðvestur.

Minjalýsing

Rústin er tvö hólf og er opin í suð-austur. Veggir eru mjög útflattir og um 2 metrar á breidd.

Breidd rústarinnar er 12 metrar og veggir hennar um 7 metrar á lengd að utanmáli. Rétt framan við rústina er hleðsla [009].

Heydalur 141571-198-009

Hlutverk Hleðsla

Tegund Óþekkt

Staðsetning N:331985 E:598901

Staðhættir

Beint framan við rúst [008] er hleðsla. Ekki er hægt að greina hvort þessi hleðsla sé hluti af þeirri rúst.

Minjalýsing

Hleðslan er 8 metrar á lengd og 2 metrar á breidd. Sér í hleðslugrjót.

Heydalur 141571-198-010

Hlutverk Rúst

Tegund Óþekkt

Staðsetning N:598813 E:331962

Staðhættir Um 27 metra vestur af túngarði og 170 metra suður af núverandi íbúðarhúsi er rúst (mynd 11). Rústin er staðsett í mjög grýttu túni þar sem skriður út Heydalsgili hafa farið yfir.



Mynd 10. Líkleg hleðsla [009] að hluta til undir grasi, tekið í suður.



Mynd 11. Rúst [010] innan túngarðs stúlkan stendur á veggnum sem er mjög lár. Tekið í norður.

Heydalur 141571-198-011

Hlutverk Hleðsla

Tegund óþekkt

Staðsetning N:331967 E:598831

Staðhættir

Um 3 metrum frá rúst [010] er hleðsla sem liggur í norð-austur.

Minjalýsing

Rústin er greinileg en hefur skemmst aðeins á norður hlið þegar lögn var sett í jörð í gegn um túnið. Rústin er tvö hólf og opin í suð-austur. Hleðslur eru um 20 cm. Stærð rústarinnar er 9 metrar á breidd og 8 metrar á lengd.

Minjalýsing

Hleðslan er 11 metrar á lengd og tveir metrar á breidd og um 20 cm há. Sér í hleðslugrjót. Ekki er ljóst hvort þessi hleðsla tengist rúst [010] en það er vel hugsanlegt.

Heydalur 141571-198-012**Hlutverk Hleðsla****Tegund Hleðsla/garður?****Staðsetning N:331963 E:598813****Staðhættir**

Um 6 metra suður af rúst [010] er hleðsla. Gæti verið veggur eða jafnvel garður.



Mynd 12. Greinileg hleðsla á túninu þar sem flestar minjar er að finna. Tekið í austur.

Minjalýsing

Hleðslan er nokkuð vegleg. Hún er um 30-40 cm á hæð, um 16 metrar á lengd og 2 metrar á breidd. Virðist vera af annarri gerð en rúst [010] og líklega ekki hluti af þeirri rúst þrátt fyrir nálægð.



Mynd 13. Greinilegar hleðslur, líklega veggur.

Heydalur 141571-198-013**Hlutverk Þúst****Tegund Óþekkt****Staðsetning N:332037 E:598751****Staðhættir**

Á neðanverðu túninu sunnan við bæjarhól Heydals, 27 metra frá rúst [003], er þúst sem líklega eru gamlar minjar. Þústin er á svæði sem samkvæmt örnefnaskrá kallast Laughúsadý. Í örnefnaskrá segir um svæðið „Niður af túninu innar garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu er Laugarhúsdý, Tröð og Traðargarður. Þar gæti hafa verið býli endur fyrir löngu, þó enginn kunni nú lengur frá því að segja, því töttir eru þar fornar og vallgrónar.“



Mynd 14. Þústir [013] sem hugsanlega geta verið leifar af byggingum sem samkvæmt örnefnaskrá voru á svæðinu um 1930. Tekið í norður.

Minjalýsing

Þústirnar eru líklega þessar fornu vallgrónu rústir sem um er rætt þegar örnefnaskráin er rituð fyrir 80 árum. Ekki er hægt að greina neina byggingu eða form. Ummál þústarinnar var mælt inn og sést á korti 1. Torf sést í þessum leifum sem eru illa farnar vegna beitar á túninu.

Heydalur 141571-198-014

Hlutverk Þúst

Tegund Óþekkt

Staðsetning N:332017

E:5987733

Staðhættir

Um 14 metra suðvestur af þúst [013] er önnur þúst. Um svæðið segir í örnefnalýsingu „Niður af túninu innar garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu er Laugarhúsdý, Tröð og Traðargarður. Þar gæti hafa verið býli endur fyrir löngu, þó enginn kunni nú lengur frá því að segja, því tóttir eru þar fornar og vallgrónar“.



Mynd 15. Þústir sem hugsanlega geta verið leifar af byggingum sem samkvæmt örnefnaskrá voru á svæðinu um 1930. Tekið í austur.

Minjalýsing

Um er að ræða þúst þar sem ekki er hægt að greina veggjaskil en líklegt er að um illa farnar minjar sé að ræða.

Heydalur 141571-198-015**Hlutverk** Niðurgröftur**Tegund** Óþekkt/vegur/tröð**Staðsetning** N:332048**E:**598707**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir „Niður af túninu innar garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu er Laugarhúsdý, Tröð og Traðargarður. Þar gæti hafa



verið býli endur fyrir löngu, **Mynd 16.** Niðurgöftur sem gæti verið hluti af leið eða tröð. Tekið í þó enginn kunni nú lengur frá vestur.

Því að segja, því tóttir eru þar fornar og vallgrónar.“

Minjalýsing

Á þessu svæði er niðurgröftur sem hugsanlega er leifar af tröð eða vegi sem liggur í austur-vestur. Nákvæmlega á sama stað, er á korti sem teiknað var af jörðinni og fylgir örnefnaskrá, lína sem sýnir eitthvað en engar skýringar fylgja henni. Um yngri niðurgröft gæti verið að ræða en vegna þessarar línu á kortinu, sem gert var um 1930, var niðurgröfturinn skráður.

Heydalur 141571-198-016**Hlutverk** Hleðsla**Tegund** Óþekkt/ rúst**Staðsetning** N:332052 **E:**598710**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir „Niður af túninu innar garðs heitir Veita, enn fram og niður af túninu er Laugarhúsdý, Tröð og Traðargarður. Þar gæti hafa verið býli endur fyrir löngu, þó enginn kunni nú lengur frá því að segja, því tóttir eru þar fornar og vallgrónar“.

Minjalýsing

Um er að ræða hleðslu þar sem sér í grjót og torf. Hugsanlega er þetta veggur að rúst sem er horfin að stærstum hluta. Hleðslan liggur í norður-suður og er við hlið niðurgröftsins [015]. Möguleiki er á að þetta sé uppmokstur úr skurði eða árfarvegi sem rennur þarna við.

Heydalur 141571-198-017**Sérheiti** Heimritóftir**Hlutverk** Rúst**Tegund** Útihús**Staðsetning** N:332254**E:599020****Staðhættir**

Rétt neðan við veginn sem liggur að Heydal og 217 metrum vestur af hótelinu er rúst. Í örnefnaskrá segir „Mjög skammt utan við túnið eru húsarústir sem nefnast Ytritóftir og Heimritóftir (Ö-Heydalur :4).



Mynd 17. Heimritóftir, fjárhús með hlöðu. Tekið í vestur.

Minjalýsing

Rústin er fjárhús með hlöðu. Rústin er mjög há og eru veggir um 140 cm og má sjá bárujárn og stoðir fallnar inn í hlöðunni. Líklegt er að þetta hús hafi verið notað vel fram á 20. öld. Rústin er opin til suðurs. Utanmál hennar er 17 metrar á lengd og 9 metrar á breidd. Hlaða er í vestur enda rústarinar.

Rústin er utan deiliskipulags**Heydalur 141571-198-018****Sérheiti** Ytritóftir**Hlutverk** Rúst**Tegund** Býli/bústaður**Staðsetning** N:332323 E:599060**Staðhættir**

Um 70 metra austur af Heimritóftum er rúst. Í örnefnaskrá segir „Mjög skammt utan við túnið eru húsarústir sem nefnast Ytritóftir og Heimritóftir. Á Ytritóftum bjó lengi maður að nafni Friðrik, og auknefndur „gúvel““ (Ö-Heydalur :4).



Mynd 18. Á Ytritóftum bjó maður að nafni Friðrik. Tekið í Suður.

Minjalýsing

Rústin er tvö hólf. Garðlag virðist liggja frá rústinni í austur. Rústin snýr í norður suður og er að utanmáli 17 metrar á lengd og 10 metrar á breidd. Um 30 metra garður gengur út frá henni í austur. Hleðslur eru um 40 cm á hæð. Rústin stendur á hól og virðist sem eldri byggingar séu einnig þarna á svæðinu.

Rústin er utan deiliskipulags

Heydalur 141571-198-019

Hlutverk Rúst

Tegund Óþekkt

Staðsetning N:332278 E:599044


Staðhættir

Suður af veginum heim að Heydal, mitt á milli Ytritófta og Heimritófta er rúst.

Minjalýsing

Rústin er mun ógreinilegri en hinar rústirnar en hún stendur á hól sem gæti hafa myndast vegna síendurtekinna bygginga á sama stað. Rústin er 10 metrar á lengd og 6 metrar á breidd og út frá henni gengur veggur eða garður í austur.

Rústin er utan deiliskipulags



Teikning 3. Teikning af minjum 017, 018 og 019.

4. Niðurstaða

Ljóst er að mikið er að minjum innan deiliskipulagsreitsins en flestar þeirra eru á túni vestan megin við núverandi íbúðarhús og fjós þar sem ferðaþjónusta er rekin í dag. Þær minjar eru líklega gamlar hjáleigur og eldri byggð í Heydal en skriður úr Bæjargili hafa fært bæinn til austurs í tímann rá. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á túninu þar sem elsta byggðin er. Fjosið sem nú er hótél er reist á bæjarhól og skemmdir hafa orðið á minjum við stækkun þess vorið 2010.

Tveir sumarbústaðir eru komnir vestur af hótelinu. Þeir voru settir niður án mikils jarðrasks svo engar minjar virðast hafa skemmst þegar þeim var komið fyrir. Ekki er hægt að sjá minjar á yfirborði þar sem sumarhúsin eru og fleiri eru fyrirhuguð. Örnefnaskrá og heimildir benda ekki til að minjar séu á því svæði.

Á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar sjást ekki minjar á yfirborði. Mikilvægt er þó að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum.


Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

5. Þakkir

Ábúendum á Heydal er þakkað fyrir veitta aðstoð og góðar móttökur.

6. Kort

Kort af þeim minjastöðum sem skráðir voru í Heydal má finna á korti 1 á næstu síðu. Drög að deiliskipulagi Heydals má svo finna á korti 2 á síðu 21.



Kort 1. Minjastaðir í Heydal.



Kort 2. Drög að deiliskipulagi Heydals.

GREINARGERÐ

Inngangur
Um er að ræða deiliskipulag fyrir hótelið Heydal í Súðavíkurbreppi í N-Ísafjarðarsýslu. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Súðavíkurhrepps. Vinna við skipulag á svæðinu hófst árið 2003 þegar gerð var tillaga að fyrirkomulagi á breytingu fjöðs og hlóðu í hótelið og veitingasal. Hótelið í Heydal var byggt 2003-2005 af eigendum og hefur verið rekið síðan af þeim. Eigendur hótelsins hyggjast halda rekstrinum áfram auk þess að sinna almennri ferðabjónustu, ferðasölu og sérferðum. Ýmislegt hefur verið gert til að sinna ferðamönnum í Heydal betur. Þar er rekin hestaleiga, kayakleiga, sleðaleiga, sett hafa verið fróðleiksskili um fugla staðarins og plöntur, gróðursettur hefur verið skógur á vegum skjólskoga, gerð tjaldstæði með rafmagn og klósettstöðu, gerðir heitir pottar og sundlaug. Tvisvar hefur verið borað eftir vatni og eru núna tvær holur sem gefa annars vegar 10 sektr af 38°C og hins vegar 2 sektr af 47°C heitu vatni. Til Súðavíkur eru um 124 km, til Ísafjarðar um 146 km og til Hólmavíkur um 103 km

Mörk skipulagssvæðis og nánasta umhverfi
Mörk deiliskipulagssvæðisins er bæjarstæðið ásamt veitingasvæðinu, hótelinu og gróðurhúsinu/sundlauginni og svo tjaldsvæðinu. Það afmarkast í vestur af gamla grógarðinum í norður af heimreiðinni í austur af skurðum og mörkum tjaldsvæðis og í suður af Heydalsá. Landsvæði það sem fellur undir skipulag þetta er allt gömul tún og byggð svæði. Stærð svæðisins er um 9 hektarar.

Veitur og lægnir
Vatnsdölun fyrir hótelið er í hlóðinni fyrir ofan Heydal og kemur úr berginu þar. Þaðan er vatnið leitt í 10.000 ltr brunn. Brunnurinn er í um 30 m hæð og brýstingur á köldu vatni er því um 3 bór. Heitu vatni er dælt úr borholu og er allt hitað upp með því. Stefnt era að því að alla nýjar byggingar verði hitaðar með gölfhita. Ný spennistöð er komin í Heydal og er staðsett vestan megin við veitingasal. Allar rafagnir eru í jöðu. Rotþrær á svæðinu eru nú tvær en verða fjórar.
1. Rotþrö fyrir íbúðarhús (eitt klósett, 1500 ltr þrö)
2. Rotþrö fyrir sal, herbergi, íbúðarhús og tjaldsvæðabyggingu 6500 ltr
3. Rotþrö fyrir tjaldsvæði (tvö klósett á tjaldsvæði, 1500 ltr þrö ekki komin)
4. Rotþrö fyrir smáhýsi og norðurljóshús (3000 ltr, þrö ekki komin)

Formminjar
Skv. skjal frá forminjavörð Matthíasi Þórðarsyni 15. apríl 1929 eru eftirtaldir forminjar fríðlystar í Heydal:
1.-2. Tvennar töfaleifar þar sem bærinn hefur verið áður, einar fyrir innan Heydalsgili og aðrar yngri, í túninu inn frá bænum.
3.-7. Töfaraustir þar sem verið hafa bæirnir Bakkakot, Kirkjuból, Laugarbær, Galtahryggur og Brennistaðir frammi á Heydal. (Stb. Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Víðalíns) Gunnar Valdimarsson þáverandi ábúandi í Heydal svarar spurningum frá þjóðminjasafni 30.04.82 þar segir:
„Talið er nokkum vegginn vist hvar bæjarstæðið hefur verið það sem er talið yngra í túninu inn af bænum. Híð eldra f. innan Heydalsgils er ekki kunnugt um. Enda segir í Jarðabók Á.M. frá 1710 að rústir þar séu komnar undir skríðu úr gílinu. Bærinn í Heydal var enn færður úr stað árið 1934. Sleddað hefur verið yfir það bæjarstæði sem þá var lagt niður.
Þar sem Bakkakot var eru nú aðeins grasmóar og engar töftr síjanlegar. Heydalsgilt rennur þar nidur hjá og ber grjótt og grefur dálítið í sundur. Á Kirkjubóli sést aðeins smá þúfnaklasi, áin hefur grafið eyrarannar í sundur þar umhverfis.
Á Laugarbæ sjást litlar eða engar minjar.“

Síðan talar hann um Galtahrygg og Brennistaði sem eru í landi Galtahryggs. Hlaðinn veggur er fyrir SV. bæinn sem sjálfsgagt fellur undir 100 ára regluna þó ég finni ekkert um hann.

Sorþiróa
Sorpgámur hefur verið staðsettur við Djúpmannabúð sem þjónar hótelinu og svæðinu í kring á tjaldsvæðinu eru ruslatunnur sem eru tæmdar af eigendum.

Hótél Heydalur
Hótelið var byggt í 2 áföngum. Fyrsti áfanginn var tekin í notkun 2003. Seinni áfanginn, veitingasalurinn, var tekin í notkun 2005. Veitingasalurinn er um 240 m², eldhúsið um 30m². Geymsla um 12 m², herbergin eru 9 og eru um 17 m² hvert með sér inngangi og sér klósetti og baði. Þar sem eftirspurn eftir gistinguyrir hefur aukist mikið hafa eigendur ákveðið að stækka.
Gert hefur verið þriggja ára uppbyggingaráætlun:
1. Leiksalur 110 m² blískúr 100 m².
2. Sumarbústaðir 6 stk 40 fm hver.
3. Norðurljóshús, 4 hús 35 m² hvert.
4. Aðstaða fyrir svefnpokagistingu í frum.
5. Klósett og sturtuðstaða fyrir svefnpokagistingu og tjaldstæði (komið)
6. Skiptiklefi fyrir potta og gufubað
7. Álma með 10 herbergjum 20-35 fm hvert
8. Leiksvæði bætt og tjaldsvæði (skýli, nýtt klósett, ný leikstæki)
9. Minigolfbraut
10. Göngustígur
11. Þvottahús (sett í gömlu vélaskemmuna)
12. Veggagerð
Eins og sjá má er margt á döfinni til að sinna ferðamönnum og gera dvöl þeirra sem ánægjulegasta. Þar sem eftirspurn eftir gistinguyrir hefur aukist um meira en 50% á milli ára á hverju ári er orðið ljóst að núverandi gistinguyrir fullnægir ekki eftirspurninni.

Tjaldsvæði
Eigendur Heydals leggja áherslu á að bjóða upp á alhliða gistinguþjónu og ferðabjónustu. Búið er að byggja upp alhliða tjaldstæði sem uppfyllir helstu kröfur sem gerðar eru fyrir silka starfsemi. Byggt hefur verið klósett og sturtuðstaða fyrir tjaldsvæðið. Einnig er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir minniháttar salernishús og vaska við norðanvert tjaldsvæðið. Einnig er gert ráð fyrir bílþvottaplani.

Herbergjaálma hótélbyggingar
Í herbergjaálmun verða 10 herbergi hvert á bilinu 25 og 35 fm með baðkari, sturtu, klósettum, verönd og miklum þægindum. Á.m.k. eitt verður fjölskydúrymi. Húsið verður í tengslum við leiksalu og blískúr og á að tengjast þeim herbergjum sem fyrir eru en verða þó meira hluti af herbergjum. Húsið verður á tveimur hæðum hvor hæð verður um 150 fm húsið verður byggt úr steypu og sérinngangur í hvert rými. allt verður hitað með vatni úr borholu með gölfhita. fráfalli og klóak tengist núverandi rotþrö. Vatn kemur úr brunni ofan bæjar sjálfrennandi.

Sumarbústaðir (gistiðús)
Í tengslum við hótelið og tjaldsvæðið er gert ráð fyrir að kaupa og flytja 6 notaða sumarbústaði sem verða hugsaðir til útleiga. Húsin verða hlutið með heitu vatni úr borholu Heydals. Húsin eru staðsett suðvestan við sal og verður lagður vegur að þeim og tvö bílastæði við hvert hús. Gert er ráð fyrir rennandi köldu vatni og vatnssalemi í hverju húsi. Húsin verða Allt að 60 m² að flatarmáli.


Norðurljóshús
Norðurljóshús verða steypt með glerpaki þannig að ferðamenn geti séð himininn til allra átta innan úr húsinu. Hvert hús hefur baðherbergi og er hitað með heitu vatni í gölfum úr borholu Heydals. Stærð húsanna verður á bilinu 30-50 fm og verða þau staðsett suðvestan við bæjarhlaðið í hvarfi við ljósmengun.

Gufubað og klósett fyrir tjaldsvæði
Líti klósettbygging með tveimur klósettum verður steinteypt og hlaðin úr grjóti. Sérstök rotþrö er fyrir þetta klósett sem er hugsað fyrir tjaldsvæðið. Utan á húsinu verður vaskur. Gufubaðið er hugsað í tengslum við pottana og sundlaugina það verður hlaðið úr grjóti að utanverðu og steypt einangrað og timburklætt að innan. Þar verða jafnframt skiptikleifar fyrir sundlaugar- og pottgesti. Gufubaðið verður hitað með vatni úr borholu og ofni sem verður hitaður með timbri.

Svefnpokagistiðús
Rýmið er hugsað sem ein álma með 4 herbergjum. Húsið er hitað með gölfhita en verður án allra þæginda. Klósett og sturtuðstaða verður í sérhúsi við hlóðna.

Önnur þjónusta við ferðamenn
Ferðasamtök Vestfjarða hefur lagt í merkingar á gönguleiðum í nágrni Heydals undanfarin ár. M.a. eru merktar gönguleiðir yfir í Skútufjörð, Laugadal og Dýrafjörð. Búið er að útbúa upplýsingaskili um fugla staðarins við heimreiðina að hótelinu, niðri í fjöru og á tjaldsvæðinu. Einnig eru upplýsingar um plöntur staðarins og eru skilið meðfram stíguum inn í dal. Stefnt er á að koma fyrir skiltum um staði áhugaverða fyrir ferðamenn. Hægt er að kaupa veðileyfi í Áusavatn en þar var sleppt seiðum fyrir 10 árum. Hugmyndir eru um mini-golfvöll neðan við hótelið, eins er unnið að nýjum leikstækjum. Margar aðrar hugmyndir eru í mótn sem miða að því að auka veg og virðingu Heydals.

Grunngögn
Grunnkortíð er unnið og teiknað eftir loftmynd og hæðarlínugrunni frá Loftmyndum ehf.



ADALSKIPULAG 1:100.000

SKÝRINGAR

SKIPULAGSSVÆÐI

BYGGINGARREITUR

A

HÓTELBYGGING

B

BÍLSKÚR / TÓMSTUNDAHERBERGI

C

GISTIÐÚS

D

NORÐURLJÓSAHÚS

E

ADSTAÐA VIÐ LAUGARSVÆÐI

F

SVEFNPOKAGISTING

G

SNYRTING

NÚV. BYGGINGAR

PALLUR / VERÖND

VEGIR

SLÓÐAR

VATNSBÓL

R

ROTÞRÖ

RAFMAGNSKASSI

DEILISKIPULAG ÞETTA SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SAMKVÆMT 25. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN SÚÐAVÍKURHREPPS ÞANN _____

HEYDALUR - SÚÐAVÍKURHREPPI FERÐABJÓNUSTA DEILISKIPULAG			
KVARDI-A1:	1000	TEIKN NR:	001
DAGS:	01.03.2010	HANNAÐ:	ph
FLOKKUR:	4805-reykjafhr	TEIKNAD:	er
SKRÁ:	10005-gm-1.dwg	VERKNR:	10005

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1980. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi.* [Tungur-Hreppar-Skeið.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1857—1893. Hið íslenzka bókmenntafjélag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. íslenzkt íornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta ísland eða íslenzka mcnn. V. Rv. 1902. Hið íslenzka bókmenntafjélag, Reykjavík.

Guðbjörg Ásgeirsdóttir. 1963, 3 febrúar. Heydalur. *Sunnudagsblað Tímans* 5.tbl. Sótt þann 24.08.2010 á tímarit.is http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3551374

Ólafur Lárusson. 1937. Kirkjuból. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 19-26. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

Sturlunga saga II, Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna, Reykjavík, 1946.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Heydals skráð eftir Eliníusi Jóhanessyni. Skráð af J.Hj. veturinn 1935-1936 Örnefnastofnun Íslands.